

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 71/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2001 frá 11. desember 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/25/EB frá 27. desember 2000 um bann við notkun tiltekinnna aukaaferða úr dýrum í fæði ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/399/EB frá 7. maí 2001 um viðurkenningu á því að franskur gagnagrunnurinn yfir nautgripi er að öllu leyti rekstrarhæfur ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi á hvorki við um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 109. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/734/EB):

„110. **32001 D 0025:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/25/EB frá 27. desember 2000 um bann við notkun tiltekinnna aukaaferða úr dýrum í fæði (Stjtið. EB L 6, 11.1.2001, bls. 16).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 6, 11.1.2001, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 140, 24.5.2001, bls. 69.

2. Eftirfarandi liður komi aftan við 12. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/571/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“:

„13. **32001 D 0399:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/399/EB frá 7. maí 2001 um viðurkenningu á því að franskí gagnagrunnurinn yfir nautgripi er að öllu leyti rekstrarhæfur (Stjtíð. EB L 140, 24.5.2001, bls. 69).“

2. gr.

Texti ákvarðana 2001/25/EB og 2001/399/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.